

Lærdómur og klám

Ólafur Páll Jónsson
dósent í heimspeki á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Erindi um menningu og klám á vegum Jafnréttisnefndar Háskóla Íslands
24. mars 2010

Í Háskóla fer fólk til að afla sér menntunar, eins og það er gjarnan orðað. Og það sem fólk lærir er af ýmsum og ólíkum toga. Í fyrsta lagi eru greinarnar ólíkar, en svo lærir fólk líka ólíka hluti innan tiltekinnar greinar. Sumt fellur undir kenningar, annað telst til vinnubragða og svo þarf líka að kunna skil á margvíslegum staðreyndum. Hlutir sem þessir eru gjarnan nokkuð vel skilgreindir í námskeiðslýsingum og hæfniviðmiðum einstakra námskeiða og námsleiða. En nemendur eru sem betur fer ekki algjörlega ofurseldir náminu eins og það er skilgreint í námskrám. Þá væri hætt við að þeir hefðu lítinn tíma til að menntast þessi ár sem þeir eru í háskóla. Háskóli er líka samfélag og skólaganga í háskóla er þátttaka í slíku samfélagi.

Háskólasamfélagið er örugglega þekkingarsamfélag, þar sem rík áhersla er lögð á að afla nýrrar þekkingar og miðla henni til annarra. En þetta samfélag ætti líka að vera lærdómssamfélag; samfélag sem manneskjur mynda í kringum þá hugsjón að ferðalagið gegnum lífið eigi að vera lærdómsferð. Hugsjónin um lærdómssamfélagið gerir ráð fyrir að æviferill hvernar manneskju sé vaxtarferill í tvennum skilningi. Annars vegar vex manneskjan sjálf – að vera manneskja er að vaxa sem manneskja – og hins vegar vex hún inn í samfélagið, hún myndar tengsl við aðrar manneskjur og við allt sitt umhverfi. Í lærdómssamfélaginu mætast ólík gildi. Annarsvegar gildi sem eru fyrirferðarmikil í þekkingarsamfélaginu, þ.e. virðing fyrir fræðilegum vinnubrögðum og hugsjónum vísindanna. Hinsvegar mun persónulegri og siðferðilegri gildi sem lúta að virðingu fyrir manneskjum, manni sjálfum sem og öðrum, og sýn á vísindi og fræði sem órofatengd hinu góða lífi.

En hvernig samfélag er Háskóli Íslands? Hvernig er menningin í Háskóla Íslands og hvaða gildi birtast í opinberu lífi í þessu samfélagi? Þau gildi sem eru ríkjandi í menningu Háskóla Íslands eru ekki ýkja frábrugðin þeim gildum sem við rekumst á í íslensku samfélagi almennt, bæði jákvæð og neikvæð. Klám og kvenfyrirlitning eru þar engin undantekning. Dæmin er því miður fjölmörg og af ýmsum toga. Mig langar að sýna nokkur.

Við getum byrjað á ýmsum dæmum þar sem staðalímyndir um kynjahlutverk birtast með ótvíræðum hætti. Við getum t.d. tekið auglýsingar stúdentafélags um party. Annars vegar er mynd af konu að bera fram bjór og hins vegar mynd af vaxtarræktarkarli sem hnyklar vöðvana. Undir stendur: „Ógeðslega sexy“ party“. Þetta er ekki gróft dæmi en engu að síður dæmi um það hvernig ákveðnar staðlaðar kynímyndir eru notaðar til að koma skilaboðum áleiðis. Kannski hefur þetta verið gert í hugsunarleysi, en það er þá einmitt vandinn við skilaboð sem þessi. Þau eru sett fram í hugsunarleysi og þau ala á frekara hugsunarleysi um eðlileg hlutverk og samskipti kynjanna.

Næsta dæmi er frá sloppasölu Tinktúru, sem er félag lyfjafræðinema í Háskóla Íslands. Auglýsingin sem birt var fyrir þessa sloppasölu var með tveimur myndum. Annars vegar brjóstmynd af manni í hvítum slopp með eftirfarandi texta undir: „Gjör samlega ómótstæðilegur í sloppi frá Tinktúru“. Hins vegar mynd af konu í stuttermaslopp, flegnum niður fyrir brjóst. Undir henni stendur: „Slopparnir eru til margvíslegra nota. Hér hefur unga daman klippt ermarnar af, sleppt því að kneppa efstu tölunni og farið úr buxunum. Svo einfalt er það.“ Hvað ætti maður að segja um hluti eins og þessa? Þessi auglýsing er alls ekki gróf og eins og auglýsingarnar um partyið sem ég nefndi að ofan ber hún e.t.v. vott um hugsunarleysi fremur en ástningum um að draga fram tiltekna staðalímyndir af kynjunum og kynbundnum hlutverkum karla og kvenna eins og þau birtast í ódýrum sjúkrahússögum. En það er einmitt þetta tvennt sem ástæða er til að staldra við. Annars vegar hugsunarleysið, hins vegar kynhlutverkin. Hvort tveggja vinnur gegn því að háskólasamfélagið geti orðið eiginlegt lærdómssamfélag þeirra sem þar hrærast.

Lítum nú á dæmi um auglýsingu sem er gerð í nafni annarrar manneskju. Efst stóð eftirfarandi texti: „Ertu stressaður fyrir prófin? Komdu í alvöru lawmasters pilates með ***“. Þar fyrir neðan var svo mynd af nakinni konu. Fyrir neðan myndina stóð þessi texti: „*** verður með Pilates æfingakennslu milli 19:15–19:30 í Fríkirkjusalnum alla fimmtudaga út maí. Strax að lokinni æfingakennslu *** tekur við létt slökun og nudd. Pilates boltar (og júllur, hehe) verða á staðnum, svo eingöngu þarf að mæta með svitaböndin og góða skapið. Ath. Myndin tengist ekki auglýsingunni (beint).“ Þetta dæmi er grófara en fyrri dæmin tvö. Í fyrra lagi verður ekki nokkur hlutur í þessari auglýsingu skýrður með hugsunarleysi þeirra sem hana hafa gert og í seinna lagi er ekki um óbeina eða dulda lítilsvirðingu við konur að ræða, heldur er beinlínis verið að gera lítið úr tilteknum einstaklingi og notaðar til þess lágvirkulegar hugmyndir um kynhlutverk kvenna.

Nemendafélög háskólans gefa mörg hver út áhugaverð tímarit, sum mjög vel unnin. Ég get nefn tímarit sálfræðinema sem dæmi. Á forsiðu tímaritsins frá árinu 2008 er mynd af auga. Baksíðan er heilsíðuauglýsing frá Goldfinger, stripstað í Kópavogi. Mágus, félag viðskipafræðinema gefur líka út viðamikil tímarit, *Mágusartíðindi*. Forsíðuna frá árinu 2009 prýðir

mynd þar sem sjá má landvættina úr skjaldarmerki Íslands. Baksíðan er heilsíðuauglýsing frá Goldfinger.

En Mágus gerir fleira en að gefa út tímarit. Félagið stendur árlega fyrir nokkrum ferðum, ýmist svokölluðum „vísindaferðum“ eða annars konar ferðum. Veturinn 2008–2009 var haldið svokallað karla- og kvennakvöld. Hér er lýsing á hluta af því sem þar gerðist:

Karldýrin voru flutt í sal Samfylkingarinnar í Kópavogi þar sem þeir lærðu allt um það hvernig á að vera stóðhestur til dæmis með notkun hjálpartækja ástarlífsins. Að því loknu var kíkt á Gullfingurinn þar sem kennslustund í kvenlíkamanum tók við undir stjórn Geira tamningarmanns.

Á meðan skemmtu hryssurnar sér vel þegar ónefnd útvarpshryssa frá Lundi kenndi hvernig á að tæla karlkynið með erótísku nuddi. Um náttmál tólti inn 22 vetra graðhestur, Annel frá Þúfu, og tryllti hann merirnar svo þær fnýstu allar í kór. Soffía frá Syðra-Berghorni tók þátt í kynbótadómi og hlaut hún 9.29 fyrir hæfileika og 9.64 fyrir sköpulag með 9.50 í aðaleinkunn.

Myndir frá ferðinni (settar inn 10.11.2008) má finna á heimasíðu Mágusar á slóðinni magus.hi.is/myndir.

Þau dæmi sem ég hef tínt til eru öll komin frá nemendum. Kennarar skólans eru líka hallir undir klám, eins og sjá má af eftirfarandi dæmi. Lektor í háskólanum sendi skeyti út á póstlista í nóvember 2008 með eftirfarandi texta. „Sumir vilja norka mynt, aðri vilja Evru en þetta vil ég“ og fyrir neðan var mynd af kanadískum 10 dollara seðli með berbrjósta konu.

Laganemar við Háskóla Íslands gefa út tvö tímarit. Annars vegar *Úlfjót*, sem er virðulegt tímarit með fræðilegum greinum, og hins vegar blaðið *Grímur geitskór*, sem fjallar um félagslífið – og kannski menninguna – í lagadeild. Í blaðinu frá 2007–2008 er heilsíðuauglýsing frá Goldfinger. Fleira umhugsunarvert er að finna í þessu blaði. Hér koma tvær tilvitnanir í sama hefti:

Við skipun í ritstörf Gríms Geitskós var farið eftir óskráðum hæfisreglum Gríms Geitskós. Þar sem enginn kvenmaður fannst í lagdeild sem ekki var búinn að sofa hjá einum eða fleiri meðlimum Orator, eða gert sig líklega til sambærilegra athafna, var engin talin hæf til að fjalla hlutlaust um stjórnina.

„,Það var sett fordæmi í fyrra að varaformaður næði að hössla busa og því barðist ég fyrir að ná inn í stjórnina“ segir *** og á þá líklegast við aflan sem *** varaformaður emerítus halaði inn í Þingvallaferðinni síðasta ár.“

Þetta hefti var gagnrýnt mjög harkalega. Í næsta hefti, sem var líka gefið út árið 2008, var eftirfarandi ritstjórnarpistill:

Kæru laganemar! Við lifum á ólgutímum og því stendur fjárhagur Gríms Geitskós á brauðfótum. Lausafjárbreppan er komin í Lögberg. Okkar helsta fjármagnsleið hefur verið þrengd til muna, nýr gjaldkeri Orators er langtum óviljugri til að veita fé til

útgáfu Grímsins en forveri hans. Ég hef hingað til ekki séð færi á því að vingast við nýjan gjaldkera í sama mæli og forveri minn í starfi við fyrrverandi gjaldkera og er það miður. Ég auglýsi því hér með eftir lausgirtri lagastúdínu í ritnefnd Grímsins, sem er reiðubúin að taka það á sig að leggjast með gjaldkeranum svo að það losni aðeins um budduna.

Kæru lagastúdínum, nú sem aldrei fyrr er tíminn til að hlýða kallinu rækja skyldur ykkur. Spyrjið ei hvað Grímurinn getur gert fyrir ykkur, heldur hvað þið getið gert fyrir Gríminn! (og gjaldkerann)

Í tilefni af 100 ára afmæli lagadeildar, sem og 80 ára afmæli Orators, kemur Grímur Geitskór nú út í sérstakri viðhafnarútgáfu, betrubættur og án óþarfa kvenfyrirlitningar.

Það mætti taka mörg fleiri dæmi úr þessum blöðum um klám og kvenfyrirlitningu. Ég læt þessi brot þó nægja. Þau gefa ágæta mynd af þeirri umræðu sem má finna í *Grími Geitskó* árið 2008.

En hvað eigum við að segja um öll þessi dæmi – ólíku dæmi um klám og kvenfyrirlitningu í opinberu og hálfopinberu lífi í Háskóla Íslands? Við gætum viljað bregðast við þessum dæmum á sama hátt og við bregðumst við öðrum birtingarmyndum kláms og kvenfyrirlitningar í samfélaginu almennt. En við gætum líka velt því fyrir okkur hvað Háskóli Íslands, sem menntastofnun og sú stofnun í íslensku samfélagi sem fólk treystir best, vill standa fyrir. Hvaða gildum viljum við, sem háskólafólk, halda á lofti? Hverskonar samfélag viljum við rækta innan Háskóla Íslands? Og hvernig sjáum við fyrir okkur samspil Háskóla Íslands og íslensks samfélags?

Við getum valið að taka spurninguna um það hvers konar samfélag við viljum innan Háskóla Íslands alvarlega. Og við getum valið að leiða hana hjá okkur. Við sem vinnum í Háskóla Íslands, bæði nemendur og kennarar, getum valið Háskóla Íslands það hlutverk að vera gerandi í íslensku samfélagi – mótandi um gildismat og menningu. Eða við getum valið háskólanum það hlutverk að vera einber þátttakandi í samfélaginu og hlutlaus vettvangur þeirra strauma sem þar ríkjja.